

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða launamenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Verðbólga í janúar 2016 og stýrivaxtaspár
2. Mismunandi mælikvarðar verðbólgunnar
3. Fasteigna- og leiguverð á höfuðborgarsvæðinu
4. Batinn á vinnumarkaði
5. Falið atvinnuleysi
6. Uppfærðar tölur um brottflutning Íslendinga
7. Ólík áhrif gengisveikingar og gengisstyrkingar
8. Tisa viðræðurnar

1. Verðbólga í janúar 2016

Verðbólga í janúar 2016 var 2,1% samanborið við 2,0% í desember 2015. Verðbólguþáttur greiningardeilda þriggja stærstu viðskiptabankanna fyrir janúar 2016 lágu á bilinu 1,9-2,1%. Verðbólguþáttur næstu mánaða benda til þess að verðbólga á fyrsta ársfjórðungi verði 1,9% sem er talsvert undir spá Seðlabankans frá nóvember 2015 uppá 2,7%. Nýjasta spá bankans gerir þó ráð fyrir 1,9% verðbólgu á fyrsta ársfjórðungi 2016.


Án húsnæðis mældist verðbólga í janúar 2016 0,6% sem þýðir að enn er fasteignaverð helsti áhrifavaldur verðbólgunnar. Bensín og aðrar innfluttar vörur halda áfram að halda verðbólgunni í skefjum, sjá mynd 2. Helsta ástæða þess að verðbólga hækkar úr 2,0% í 2,1% er minni áhrif bensíns og innfluttra vara.

Mynd 2 sýnir verðbólgu eftir uppruna. Þar má með einföldum hætti sjá hversu mikið húsnæðisliðurinn hefur lagt til verðbólgunnar, sjá brúna stöplana. Rauða brotalínan sýnir verðbólgu án húsnæðis. Líklegt er að húsnæðisliðurinn muni halda áfram að vera megin áhrifavaldur verðbólgunnar á næstu árum en kafli 3 í þessu yfirliti (sjá bls. 3) fjallar um fasteignaverð og horfur á næstu árum. Þá mun olíuverð halda áfram að styðja við lægri verðbólgu á næstunni en það gæti snögglega snúist við taki olíuframleiðsluríki ákvörðun um að draga úr framleiðslu.


Stýrivaxtaspár

Spár greiningaraðila um vaxtaákvörðun peningastefnu-nefndar Seðlabankans í dag, 10. febrúar, voru þær að nefndin myndi halda vöxtum óbreyttum í 5,75% og gekk það eftir. Spár greiningaraðila fyrir árið í heild er þó að stýrivextir hækki um 0,5%-stig og endi því í 6,25%.

Mynd 1 – Verðbólga og verðbólguþáttur þriggja stærstu viðskiptabankanna



Mynd 2 – Verðbólga eftir uppruna.



2. Mismunandi mælikvarðar á verðbólgu

Helsti mælivarði á verðbólgu er breyting á vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs samanstendur af um 20.000 verðum á ríflega 4.000 vörum og þjónustuliðum sem heimilin kaupa. Vísitalan er samsett úr fjölmörgum undirvísitölum og því hægt að búa til ýmsa mælikvarða á verðbólgu. Þannig er hægt að skoða verðbólgu án húsnæðis, innflutta verðbólgu og einnig verðbólgu án áhrifa af skattabreytingum þ.e. hver verðbólgan hefði verið ef t.d. matarskatturinn hefði ekki verið hækkaður úr 7% í 11% í upphafi árs 2015.


Mynd 3 sýnir að verðbólga árið 2015 var 1,6% en einnig að án virðisaukaskattsbreytinganna hefði verðbólgan verið 1,2%. Þá má sjá að án húsnæðis, en þó með skattaáhrifunum, var verðbólgan 2015 aðeins 0,1%.

Innlend verðbólga

Efst á mynd 3 er sýnd verðhækkun á innlendum vörum og grænmeti en sú vísitala hefur verið notuð sem mælikvarði á innlenda verðbólgu. Nokkuð hefur færst í aukana að fjallað sé um innlenda verðbólgu m.a. vegna þess að sá mælikvarði er talinn gefa betri mynd af áhrifum launahækkana á verðbólgu. Innlend verðbólga jókst mikið 2015 og var sú hækkun talin sönnun þess að launahækkunarir væru farnar að hafa áhrif á verðbólgu.


Stór hluti vísitölnunnar *Innlendar vörur og grænmeti* er matur og drykkjarvörur en þær hafa hækkað mikið vegna virðisaukaskattsbreytinga líkt og mynd 4 sýnir. Þessar upplýsingar er hægt að nota til að meta hver innlend verðbólga væri án skattaáhrifa¹. Mynd 5 sýnir að innlend verðbólga án skattaáhrifa var umtalsvert lægri á árinu 2015 en innlend verðbólga með skattaáhrifum. Í desember 2015 var t.a.m. innlend verðbólga án skattaáhrifa 0,8% en með skattaáhrifum var verðbólgan 4,2%. Þetta leiðréttist í upphafi árs 2016 þegar skattaáhrifin detta út en í janúar 2016 mældist innlend verðbólga 1,4% og er nú nánast á pari við mat á innlendra verðbólgu án skattaáhrifa líkt og mynd 5 sýnir. Þannig voru það skattahækkunarir en ekki launahækkunarir sem leiddu til aukinnar innlendra verðbólgu á árinu 2015. Það sem er einnig áhugavert við þróun á innlendu verðlagi er hversu mikið það hækkaði eftir gengisfall krónunnar 2008.

Mynd 3 – Verðbólga 2015 eftir mismunandi mælikvörðum




Heimildir: Hagstofa Íslands og VR

Mynd 4 – Hækkun mat og drykkjarvöru 2014-2015 með og án skattaáhrifa



Heimildir: Hagstofa Íslands og VR

Mynd 5 – Mat á innlendu verðlagi án skattaáhrifa



Heimildir: Hagstofa Íslands og VR

¹ Upplýsingar um mat og drykkjarvörur með og án skattaáhrifa eru notuð til að meta innlenda verðbólgu án skattaáhrifa


Innlend verðbólga er þannig illmælanleg og getur gengi krónunnar haft töluverð áhrif á vísitöluna *Innlendar vörur og grænmeti*. Sé hins vegar stuðst við þá vísitölu til að fá betra mat á áhrifum launahækkana á verðbólgu er mikilvægt að leiðrétta fyrir skattaáhrifum. Sé það gert er erfitt að sjá að launahækkarnir séu farnar að hafa áhrif á innlenda verðbólgu, enda aðeins 1,4% í janúar 2016.

3. Fasteigna- og leiguverð á höfuðborgarsvæðinu


Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,4% í desember 2015. Á árinu 2015 í heild hækkaði fasteignaverð um 9,4% samanborið við árið 2014. Það er mesta hækkun milli ára frá hrúni og litlu minni hækkun en 2007 þegar hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu mældist 10,2%. Mynd 6 sýnir hækkun fasteignaverðs milli ára frá 1995 til 2015. Árið 2005 sker sig töluvert úr en það ár hækkaði fasteignaverð um 35% frá fyrra ári. Hin fjögur bóluárin þ.e. 2003, 2004, 2006 og 2007 hækkaði fasteignaverð um 10,2-12,8% milli ára. Mjög ósennilegt er að hækkarnir í takt við 2005 séu á næsta leiti enda byggðust þær hækkarnir að miklu leyti á nær ótakmörkuðu aðgengi að lánsfé og veitingu 100% fasteignalána. Verði þó áfram lítið um nýbyggingar mun fjölgun ferðamanna, aukinn kaupmáttur og fjölgun Íslendinga leiða til herra fasteignaverðs. Árgangurinn 21-30 ára árið 2015 er nokkuð stór í samanburði við aðra árganga. 21-30 ára er t.a.m. 7,1% stærri en 31-40 ára, 9,3% stærri en 11-20 ára og 5% stærri en 1-10 ára. Þessi stóri hópur mun eiga sinn þátt í því að þrýsta fasteignaverði upp á næstu árum.

Mynd 8 sýnir raunverð fasteigna (þ.e. verð fasteigna að teknu tilliti til verðbólgu) og spá greiningaraðila á fasteignaverði næstu þrjú árin. Gangi þessar spár eftir verður raunverð húsnæðis árið 2018 orðið herra en 2005 en þarf að hækka um 8,4% til að ná hámarkinu 2007.


Mynd 6 – Verðbreyting fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 7 – Aldurs samsetning þjóðarinnar 2015



Mynd 8 – Raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu og spá



4. Batinn á vinnumarkaði

Í desember 2015 mældist atvinnuleysi 1,9% samanborið við 4,3% í desember 2014 og þarf að leita aftur til ársins 2005 til að finna minna atvinnuleysi í desember. Í desember 2015 jókst fjöldi starfandi um 9.100 m.v. desember 2014 og hefur fjölgun starfandi milli desember mánaða aldrei mælst meiri².

Töluverður bati var á vinnumarkaði árið 2015 sé miðað við atvinnuleysi eða hlutfall starfandi. Atvinnuleysi lækkaði um 1%-stig og mældist 4% á árinu. Hlutfall starfandi hækkaði um 1,8%-stig og var 79,2% sem er hærra en gildið 2004. Hlutfall starfandi þarf þó að hækka um 2,2%-stig til að ná hámarkinu 2007.

Batinn á vinnumarkaði hefur þó komið misvel niður á aldurshópum og kynjum.


Hlutfall starfandi

Atvinnuleysi getur minnkað án þess að atvinna aukist og því er hér litið til hlutfalls starfandi. Hlutfall starfandi lýsir fjölda þeirra sem eru í fullu- eða hlutastarfi sem hlutfalli af mannfjölda á sama aldri. Inni í hlutfalli starfandi geta því verið launamenn sem eru í hlutastarfi en vilja vinna meira. Fyrir aldurshópinn 16-24 ára hefur hlutfall starfandi aukist talsvert frá hruni og meðal kvenna hefur það aldrei mælst hærra, sjá mynd 9.


Fyrir aldurshópinn 25-54 ára hefur hlutfall starfandi þróast með misjöfnum hætti milli kynja. Fyrir karla var hlutfallið 2015 lægra heldur en þegar það var lægst 2003-2008 þrátt fyrir að hafa hækkað jafnt og þétt frá hruni. Fyrir konur á sama aldri hefur hlutfall starfandi sjaldan mælst hærra og er hið sama og 2006, sjá mynd 10.

Batinn á vinnumarkaði hefur einna helst komið fram hjá aldurshópnum 55-74 ára. Fyrir konur hefur hlutfallið aldrei mælst hærra á tímabilinu 2003-2015 og afar lítið vantar uppá að karlar nái hámarkinu 2006, sjá mynd 11.


Mynd 9 – Hlutfall starfandi 16-24 ára



Mynd 10 – Hlutfall starfandi 25-54 ára



Mynd 11 – Hlutfall starfandi 55-74 ára



² Mánaðargögnin ná aftur til janúar 2003 á þetta því við um tímabilið janúar 2003 – desember 2015

Vinnutími

Hlutfall starfandi hefur ekki aðeins tekið misjafnlega vel við sér heldur hefur vinnutíminn einnig breyst þónokkuð. Aðeins tveir hópar vinna lengri vinnutíma nú en fyrir hrun. Þeir eru konur 25-54 ára og konur 55-74 ára, sjá mynd 12. Þessi þróun rímar þó við upplýsingar um falið atvinnuleysi en 8,2% karla á aldrinum 16-24 ára eru í hlutastarfi en vilja vinna meira og 11,5% kvenna á sama aldri eru í hlutastarfi en vilja vinna meira (sjá umfjöllun í kafla 5). Mynd 12 sýnir að það eru einnig þeir hópar þar sem vinnutíminn hefur dregist hvað mest saman.

5. Falið atvinnuleysi

Lítið hefur verið fjallað um það sem kalla má falið atvinnuleysi en það er atvinnuleysi sem ekki kemur fram í opinberum tölum. Stuttlega var fjallað um falið atvinnuleysi í janúarhefti Efnahagysfirlitsins. Til að teljast atvinnulaus þarf viðkomandi m.a. að vera virkur í leit að vinnu auk þess að vera tilbúinn að hefja vinnu innan tveggja vikna.


Falið atvinnuleysi samanstendur af þremur hópum einstaklinga:

1. Einstaklingar í hlutastarfi sem vilja vinna meira en þeim stendur til boða
2. Einstaklingar sem eru að leita en ekki tilbúnir að vinna innan tveggja vikna
3. Einstaklingar sem eru tilbúnir að vinna en eru ekki að leita


Hópur 3 tekur mikið stökk 2012, sjá mynd 13, en það er það ár sem margir misstu bótarétt sinn hjá Vinnumálastofnun.

Þessir þrjú hópar eiga það sammerkt að leggja minna af mörkum á vinnumarkaði en þeir geta og vilja³. Falið atvinnuleysi árið 2015 var 8% af mannfjölda á vinnufærum aldri. Það jafngildir 18.600 manns. Til samanburðar voru 7.600 atvinnulausir árið 2015, eða 3,3% af mannfjölda á vinnufærum aldri. Falið atvinnuleysi var því meira en tvöfalt hærra en opinber skilgreining á atvinnuleysi árið 2015.


Mynd 12 – Breyting á vinnutíma eftir kyni og aldri
Meðaltal 2009-2015 samanborið við meðaltal 2003-2008



Mynd 13 – Falið atvinnuleysi 2003-2015



Mynd 14 – Falið atvinnuleysi 16-24 ára



³ Hagtíðindi – Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2015

Skiptingin á földu atvinnuleysi var eftirfarandi 2015:

- 7.800 (3,4%) voru tilbúnir að vinna en voru ekki að leita
- 1.900 (0,8%) voru að leita en ekki tilbúnir að vinna (innan tveggja vikna)
- 8.900 (3,8%) voru í hlutastarfi en vildu vinna meira

Þetta má m.a. sjá á mynd 13.


Atvinnuleysi er yfirleitt mest meðal yngsta aldurshópsins og því ekkert óeðlilegt við það að falið atvinnuleysi sé einnig mest meðal þess aldurshóps.

Árið 2015 var falið atvinnuleysi meðal fólks á aldrinum 16-24 ára 18,4%. Meðal kvenna var það 19,2% en 17,2% meðal karla, sjá mynd 14.


Fyrir aldurshópinn 25-54 ára var falið atvinnuleysi 5,1%. Meðal kvenna var það 7,2% en 3,2% meðal karla, sjá mynd 15.

Fyrir aldurshópinn 55-74 ára var falið atvinnuleysi 6%. Meðal kvenna var það 7,6% en 4,4% meðal karla, sjá mynd 16.

Mynd 15 – Falið atvinnuleysi 25-54 ára



Mynd 16 – Falið atvinnuleysi 55- 74 ára




6. Búferlaflutningar

Enn eru tölur um búferlaflutninga til umfjöllunar en mikil umræða skapaðist eftir birtingu talna Hagstofunnar fyrir þriðja ársfjórðung 2015. Tölurnar hafa nú verið uppfærðar og ná yfir árið 2015 í heild. Þær tölur sýna töluvert minni nettó aðflutning (aðfluttir að fráðregnum brottfluttum) íslenskra ríkisborgara árið 2015 samanborið við seinustu ár.

Gráu svæðin á mynd 17 tákna efnahagskreppur á Íslandi. 2015 flokkast ekki sem kreppuár en 2002/2003 fá þá skilgreiningu hér en mikill slaki var í hagkerfinu á þeim tíma auk þess sem atvinnuleysi fór úr 1,3% árið 2000 í 3,4% árið 2003 samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

Árið 2002 var nettó aðflutningur íslenskra ríkisborgara neikvæður um 1.020 sem jafngildir -3,5 á hverja 1.000 Íslendinga á þeim tíma. Árið 2015 var nettó aðflutningur neikvæður um 1.290 eða -3,9 á hverja 1.000 Íslendinga. 2015 flokkast ekki sem kreppuár en slakinn í hagkerfinu er horfinn og spenna farin að myndast og hafa því tölurnar komið mörgum að óvart.

Mynd 17 – Aðfluttir umfram brottflutta og kreppuár Íslenskir ríkisborgarar á hverja 1.000 Íslendinga. Skyggðu svæðin eru kreppuár



Aldur aðfluttra og brottfluttra

Þegar tölur Hagstofunnar um aðflutta og brottflutta birtust fyrir þriðja ársfjórðung var því haldið fram að lítil nettó aðflutningur á þessum tíma árs væri eðlilegur sökum þess að íslenskir ríkisborgarar væru m.a. á leið í nám erlendis. Nú eru komnar tölur fyrir allt árið og það orðið ljóst að ekki er aðeins um brottflutning að ræða vegna námsdvalar erlendis. Það er sýnilegt fyrir alla aldurshópa sem eru til skoðunar að nettó aðflutningur er að dragast saman. Það skýrist bæði af því að seinustu þrjú árin hefur brottflutningur verið að aukast og aðflutningur hefur verið að minnka.

Hér að neðan eru upplýsingar um hversu langt þarf að leita aftur fyrir hvern aldurshóp, að seinustu kreppu undanskildri, til að finna jafn lítinn nettó aðflutning⁴:

- **20-29 ára:** Árið 2003
- **30-39 ára:** Árið 1996
- **40-49 ára:** Árið 1995
- **50-59 ára:** Mest 2015
- **60 ára og eldri:** Árið 1989

Það er því nokkuð ljóst að nettó aðflutningur er mjög lítil meðal allra aldurshópa á tímum sem teljast nokkuð góðir í íslenski hagsögu. Atvinnuleysi er lítið og bjartsýni hefur verið að aukast meðal heimila. Líkt og fjallað var í kafla 5 hér að ofan er falið atvinnuleysi umtalsvert sem gæti verið ein af skýringunum fyrir því að brottflutningur sér að aukast og aðflutningur að dragast saman. Upplýsingar um aðflutta og brottflutta eru ekki nógu nákvæmar til að kanna menntunarstig brottfluttra en það má leiða að því líkur að sökum vaxandi atvinnuleysis meðal háskólamenntaðra hafi bæði brottflutningur aukist sem og aðflutningur dregist saman hjá þeim hópi.


7. Ólík áhrif gengisveikingar og gengisstyrkingar

Ólík áhrif gengisveikingar og gengisstyrkingar á verðlag á Íslandi hefur verið nokkuð í umræðunni undanfarið. Í mars 2015 gaf Samkeppniseftirlitið út skýrslu um samkeppni á dagvörumarkaði þar sem meðal annars kom fram að verð á innfluttum vörum hefði ekki lækkað til samræmis við gengisstyrkingu síðustu ára. Bændasamtökin vísa í skýrslu Samkeppniseftirlitsins í skýrslu sinni í janúar 2016 og taka þar undir með eftirlitinu að gengisstyrking skili sér ekki í lægra verðlagi.


Íslenskar rannsóknir á sambandi gengis og verðlags

Það kann að vera að ekki sé nóg að birta gröf af þróun gengis og verði innfluttra matvara til að fá svar við því hvort gengisstyrking skili sér inn í verðlag eða ekki. Tvær íslenskar rannsóknir sem m.a. fjalla um áhrif

Mynd 18 – Aðfluttir umfram brottflutta 20-39 ára íslenskir ríkisborgarar á hverja 1.000 á viðkomandi aldri



Mynd 19 – Aðfluttir umfram brottflutta 40 ára og eldri íslenskir ríkisborgarar á hverja 1.000 á viðkomandi aldri



⁴ Upplýsingar um aldur og kyn ná aðeins aftur til ársins 1986

gengis á verðlag komast þó að þeirri niðurstöðu að gengisstyrking hefur ekki sömu áhrif á verðlag og gengisveiking.

Í skýrslu Rannsóknarseturs verslunarinnar⁵ um áhrif gengis á verðlag er kannað hvort gengisstyrking skili sér að sama marki og gengisveiking inn í verðlag. Kannaði eru fjórir vöruflokkar: innfluttar matvörur, heimilistæki, byggingarvörur og raftæki. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

- **Innfluttar matvörur:** Um 95% af veikingu krónunnar skilar sér út í verðlag en aðeins um tveir þriðju gengisstyrkingar
- **Heimilistæki:** Um 100% gengisveikingar leka inn í verðlag en áhrif gengisstyrkingar eru hverfandi
- **Byggingarvörur:** Um 85% af gengisveikingu kemur fram í verði en engin marktæk áhrif mælst af gengisstyrkingu
- **Raftæki:** Um 98% gengisveikingar koma fram í verði en gengisstyrking hefur mjög takmörkuð áhrif á verð

Árið 2011 kom einnig út rannsóknarritgerð⁶ frá Seðlabankanum um verðlagningu fyrirtækja en rannsóknin er spurningakönnun sem lögð var fyrir fyrirtækin í úrtakinu. Fyrirtæki voru m.a. spurð um viðbrögð þeirra við 10% gengisstyrkingu á fyrri helmingi ársins 2007 ásamt viðbrögðum við 30% gengisveikingu á fyrri helmingi 2008. Þá voru fyrirtækin einnig spurð hversu mikið gengið þyrfti að styrkjast til að þau myndu lækka verð og hversu mikið gengið þyrfti að veikjast til að þau myndu hækka verð.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að sterkar vísbendingar séu fyrir því að fyrirtæki bregðist misjafnlega við gengisstyrkingu og gengisveikingu. Um tveir þriðju fyrirtækja hækkuðu verðið þegar gengið veiktist en aðeins fimmtungur lækkaði verðið þegar gengið styrktist. Meðal gengislekinn við gengisveikunguna var 43% (þ.e. 43% af gengisbreytingunum láku inn í verðlag) en hjá þeim fyrirtækjum sem breyttu verðinu fjórum sinnum eða oftár eftir gengisveikunguna var lekinn rúm 77%. Þá segir einnig í rannsókninni að ólíku áhrifin af gengisveikingu og gengisstyrkingu fundust þvert á alla geira atvinnulífsins, líka þá geira sem eru minna berskjaldaðir gagnvart gengisbreytingum. Þá segir jafnframt að þriðjungur þeirra fyrirtækja sem eru minna háð gengi krónunnar hækkuðu verðið við gengisfallið á fyrri helming ársins 2008 á meðan ekkert þeirra lækkaði verðið við gengisstyrkinguna á fyrri helmingi ársins 2007.

Að lokum ber að nefna svör fyrirtækjanna við því hversu mikið gengið þyrfti að styrkjast eða veikjast til þess að þau myndu breyta verðinu. Svörin voru þau að gengið þyrfti að meðaltali að veikjast um 11,4% á einum ársfjórðungi til að fyrirtæki hækki verðið en það þyrfti að styrkjast að meðaltali um 16% á einum ársfjórðungi til að fyrirtæki lækki verðið.

Það er því nokkuð ljóst að gengisstyrking hefur ekki sömu áhrif á verðlag og gengisveiking. Þetta sýna tölfræðirannsóknir og svör fyrirtækjanna sjálfra.

⁵ Rannsóknarsetur verslunarinnar (2011). Áhrif gengis á verðlag

⁶ Thorvaldur Tjörvi Ólafsson, Ásgerður Pétursdóttir og Karen Á. Vignisdóttir (2011). Price setting in turbulent times. Survey evidence from Icelandic firms.

8. TISA

TISA er tillaga að sáttmála um alþjóðaviðskipti milli 23 aðila (50 landa, Evrópusambandið er einn aðili) og snúast viðræðurnar um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum. Viðræðurnar hófust 2012 og hefur mikil leynd hvílt yfir þeim. Á vef Utanríkisráðuneytisins kemur fram að

Í því tilboði, sem lagt hefur verið fram af Íslands hálfu í TISA-viðræðunum, er gert ráð fyrir afar takmörkuðum skuldbindingum hvað varðar dvöl erlendra þjónustuveitenda hér á landi, sem rúmast vel innan núverandi lagareglna. Í tilboðinu er tekið fram að Ísland undirgangist engar skuldbindingar varðandi þjónustu sem annað hvort hið opinbera veitir eða sem telst til grunnþjónustu við almenning hér á landi. Sérstaklega er áréttað að Ísland takist ekki á hendur neinar skuldbindingar á sviðum heilbrigðistengdrar þjónustu, félagslegrar þjónustu eða menntnamála.

Þá kemur einnig fram að

Markmið með þátttöku Íslands í viðræðunum er að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og að þau sitji við sama borð og samkeppnisaðilar þeirra frá öllum nágrannaríkjum Íslands, tryggja betri aðgang þeirra að erlendum mörkuðum og draga úr viðskiptahindrunum.

Árið 2014 lak Wikileaks skjölum sem tengjast viðræðunum og fjallaði Kjarninn um þau skjöl. Samkvæmt fréttum Kjarnans kemur eftirfarandi fram í skjölunum:

Vilji er til þess að vinda ofan af því regluverki sem sett hefur verið á fjármálaþjónustu eftir hrun, liðka fyrir veru lykilstjórnenda og sérfræðinga í fjármálageiranum í öðrum löndum en þeirra eigin umfram aðra og setja upp einhvers konar yfirþjóðlegan dómstól til að taka ákvarðanir um deilumál sem munu spretta upp á milli fjármálafyrirtækja og þjóða í framtíðinni⁷.

Alþjóðasamtök starfsmanna í almannaðjónustu (e. Public Services International) gáfu út skýrslu⁸ í lok apríl 2014 þar sem þau gagnrýna harðlega TISA viðræðurnar. Í úttekt Kjarnans á efni skýrslunnar kemur eftirfarandi m.a. fram:

[...] segir meðal annars að viðræðurnar séu vísitandi tilraun til að auka hagnað stærstu og ríkustu fyrirtækja og þjóðríkja heims á kostnað þeirra sem verst hafa það. Verði samkomulagið að veruleika muni það auka ójöfnuð gríðarlega. Með TISA samkomulaginu, og öðrum slíkum yfirþjóðlegum viðskiptasáttmálum, sé verið að festa í sessi rétt fjárfesta og koma í veg fyrir að ríkisstjórnir geti gripið til aðgerða á fjölmörgum sviðum sem tengist viðskiptum. Á meðal þess sem PSI segir að TISA-samkomulagið muni hafa í för með sér er að ríkisstjórnir muni ekki geta tekið aftur yfir opinbera þjónustu ef einkavæðing hennar hafi mistekist, reglugerðir þjóða sem snúa að öryggi verkamanna verði takmarkaðar, sömuleiðis umhverfisverndarregluverk, neytendavernd og eftirlitsstarfsemi með heilbrigðisþjónustu, orkuverum, úrgangslausun og faggildingu í menntakerfinu. „Þetta samkomulag mun koma fram við farandverkamenn (e. migrant workers) sem vörur og takmarka getu ríkisstjórna til að tryggja réttindi þeirra,“ segir enn fremur í skýrslu PSI.

⁷ <http://kjarninn.is/skyring/leyniskjol-tisa-samkomulagid/>

⁸ PSI (2014). TISA versus Public Services

Mikil leynd virðist hvíla á þessum viðræðum en ekki má aflétta trúnaði á skjölunum fyrr en 5 árum eftir samningurinn taki gildi.

Þá hafa þrjár borgir í Sviss; Zurich, Lausanne og Genf lýst sig sem TISA-frjáls svæði (e. TISA-free zone)⁹. Þá stefna embættismenn í Basel og Bern einnig að því að kynna tillögu að því að borgirnar verði TISA-fjárís svæði. Þessu til viðbótar tilkynnti forseti Úrúgvæ í byrjun september að Úrúgvæ myndi draga sig út úr TISA viðræðunum vegna andstöðu innlendra aðila. Paragvæ sagði sig einnig frá viðræðunum stuttu seinna.

Efnahagsyfirlit VR er unnið af starfsmönnum VR. Umfjöllunin byggir á upplýsingum frá innlendum og erlendum gagna- og upplýsingaveitum sem og úr gagnagrunni VR. Efnahagsyfirlit VR er birt í upplýsingaskyni og skal ekki líta á það sem ráðgjöf á neinn hátt.

⁹ <http://www.world-psi.org/en/issue/TISA>